




HLUTI AÐALSKIPULAGS NORÐURÞINGS 2010-2030
KÓPASKER

- SKÝRINGAR**
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
 - LÓÐARMÖRK
 - BYGGINGARREITIR
 - A = KERJAPALLUR/FISKELDISKER, ELDISHÚS
 - A1 = KERJAPALLUR/FISKELDISKER, ELDISHÚS OG ÞJÓNUSTUHÚS
 - B = ÞJÓNUSTUHÚS
 - C = FÓÐURSILO
 - D = SEYRUTANKAR
 - NÝTINGARLAND VATNSTÖKU
 - NÚVERANDI BYGGINGAR
 - ÞJÓNUSTUVEGUR / BÍLASTÆÐI
 - FJARLEGGÐATAKMÖRK
 - ÚTIVISTARSTÍGUR
 - HITAVEITULÖGN
 - FRÁVEITA
 - SVÆÐI Á NÁTTÚRUVERNÐARSKRÁ
 - SVÆÐI UNDIR HVERFISVERND
 - LÓÐARSTÆRD
 - RÓTÞRÓ
 - 067057
 - MINJAR

DEILISKIPULAGSBREYTING PESSI SEM AUGLÝST HEFUR
VERID SKV. 1. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA
NR. 123/2010 FRÁ _____ TIL _____
VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN PANN _____

SVEITARSTJÓRI NORÐURÞINGS

DEILISKIPULAGSBREYTING PESSI ÖÐLAÐIST GILDI MED
AUGLÝSINGU Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA PANN _____



NORÐURÞING - KÓPASKER

RÖNDIN FISKELDISSTÖÐ - DEILISKIPULAG
BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA

KVARDI-A1: 1:1000 / 1:1500	TEIKN NR: 001
DAGS: 10.03.2023	HANNAÐ: ÓÍ
FLOKKUR: 6100	TEIKNAD: ÓÍ/Í
SKRÁ	VERKNR: 19005



Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Skipulagssvæðið stækkar til norðurs þannig að þá nái yfir þegar skilgreint nýtingarland vegna vatnstöku fiskeldisstöðvarinnar. Skilgreint nýtingarland er um 1,2 ha að stærð og er það nú skilgreint á skipulagssvæðinu. Við þessa breytingu stækkar skipulagssvæðið úr 9,1 ha í 10,3 ha. Það svæði sem stækkun skipulagssvæðisins nær til er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota en svæðið er þó ekki með sérstaka skilgreiningu sem slíkt svæði. Þar sem ekki er mörkuð stefna um borholur eða vatnstöku innan ákvæða aðalskipulags fyrir opin svæði til sérstakra nota er samhlíða breytingu á deiliskipulagi auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Norðurþings. Í þeirri tillögu er iðnaðarsvæði 11 á Kópaskeri stækkað til norðurs yfir fyrirhugað borholusvæði en í skipulagsákvæðum fyrir iðnaðarsvæðið er nú þegar gert ráð fyrir að afla sé sjávar með borunum innan svæðisins. Tillögurnar verða því auglýstar samhlíða og stefnt er að því að þær verði staðfestar á sama tíma. Með gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar verður deiliskipulagsbreytingin í samræmi við aðalskipulag Norðurþings.
- Lögn hitaveitu til norðurs framlengist í gegnum stækkað skipulagssvæðið að núverandi dæluhúsi sem er á skilgreindri lóð utan stækkaðs skipulagssvæðis.
- Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir 8 borholum innan lóðar en sú breyting er gerð að borholum fjölgar í 24 og verða þær staðsettar innan lóðar eða á skilgreindu nýtingarlandi vatnstöku. Vatnsnotkun skv. gildandi deiliskipulagi er um 150 l/sek. að ársmeðaltali en sú breyting er gerð að vatnsnotkun eykst í um 980 l/s á ári, en vatnstaka úr borholum verður mest 2.160 l/sek. Grunnvatnsholur á svæðinu verða vaktaðar m.t.t. breytinga á grunnvatni, grunnvatnsstöðu og vatnsstöðu yfirborðsvatns samhlíða aukinni dælingu og áætlun gerð sýni vöktun fram á að vatnstaka fyrir starfsemina hafi neikvæð áhrif á grunnvatn og stöðu yfirborðsvatns á svæðinu. Útfærsla vöktunar verður ákveðin í samráði við leyfisveitendur.
- Hámarksliffmassi fiskeldisstöðvarinnar eykst úr 400 tonnum af laxi í 2.700 tonn.
- Breytingar þessar eru í samræmi við umhverfismatsskýrslu um eldisstöðina sem Rifós hf. lagði til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat 1. mars 2022 ásamt álit Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu frá 11. júlí 2022.
- Innan byggingarreita A fyrir kerjapalla/fiskeldisker og eldishús er sú breyting gerð að heimilt er að byggja 1-4 skýli eða hús fyrir öll ker innan hvors byggingarreits en áður var aðeins gert ráð fyrir einu skýli eða húsi fyrir öll ker innan hvors byggingarreits. Aðrir skilmálar eru óbreyttir.
- Innan byggingarreits A1 fyrir kerjapalla/fiskeldisker, eldishús og þjónustubyggingu er sú breyting gerð að heimilt er að byggja 1-4 skýli eða hús fyrir öll ker innan byggingarreits (1-2 skýli eða hús fyrir hvorn kerjapall) en áður var aðeins gert ráð fyrir tveimur skýlum eða húsum fyrir öll ker innan byggingarreits (eitt skýli eða hús fyrir hvorn kerjapall). Aðrir skilmálar eru óbreyttir.

X:\0-VERK\6100-NORDVA\19005-KOPASKER-RONDIN-DSK\TEIKN\DWG\19005-RONDIN-DSK-BR-2023-03-10.DWG

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif breytingarinnar eru talin fremur takmörkuð en helst mætti ætla að áhrif verði á grunnvatn vegna aukinnar vatnstöku úr borholum. Talið er að áhrif vatnstöku á grunnvatn og vatnafar séu fremur staðbundin og breytileg með tíma en þó eru áhrifin talin óviss við fulla vinnslu í lengri tíma. Vegna þessa eru þeir skilmálar settir að grunnvatnsholur á svæðinu verða vaktaðar og áætlun gerð sýni vöktun fram á að vatnstaka fyrir starfsemina hafi neikvæð áhrif á grunnvatn. Vegna þess er talið að áhrif uppbyggingar skv. breytingu deiliskipulagi á grunnvatn séu óviss. Ekki er talið að umhverfisáhrif verði vegna annarra atriða í breytingu á deiliskipulagi.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 02.04 2020 m.s.br.